



illa þar sem gæðin skipta miklu máli og geta hreinlega verið heilsuspíllandi þar sem kappsamt launafólk gætir sín ekki alltaf í vinnumni og hreinlega þrælar sér út til að fá betur borgað. Þessi launakerfi (t.d. bónuskerfi og uppmæling) henta vel í skamman tíma unguum og hraustum starfsmönnum með mikla starfsreynslu, en eldri menn og óreyndir starfsmenn eiga oft erfitt með að vinna eftir slíkum launakerfum.

### Verkefni

- 1** Hvað er átt við með afköstum? Hvaða áhrif hafa aukin afköst starfsmanna:
  - a) á kostnað fyrirtækja?
  - b) á hugsanleg laun starfsmanna?
  - c) á hagvöxtinn í landinu?
  
- 2** Hvaða þættir eru það helstir sem auka afköst starfsmanna? Hvernig mætti auka afköst á þínum vinnustæð?

## Markaðsaðstæður

Reyna  
10

Bæði kaupendur og seljendur búa við mismunandi aðstæður á markaðnum. Markaðsaðstæðurnar einkenast stundum af mikilli samkeppni. Verslanir keppast t.d. við að lækka verð á páskaeggjum til að draga að sér kaupendur sem þurfa að birgja sig upp af alls konar kræsingum fyrir páskana. Neytendur fá páskaeggin á lægra verði fyrir vikið. Hugsanlega er ekki mikil verðsamkeppni á sjálflum matvörum. Þar geta ríkt allt aðrar markaðsaðstæður. Verslað er með bækur í matvörumerlunum fyrir jólum. Verðsamkeppni til hagsbóta fyrir flugfarþega á sér stað á ákvæðnum flugleidum. Verð á kjúklungum hefur lækkað mikil undanfarinn áratug. Við kaupum þess vegna miklu meira af kjúklungum og minna af öðrum matvörum. Verð á raftækjum hér á landi hefur lækkað verulega á þessu sama tímabili.

Hagfræðingar hafa búið til líkan eða módel til að reyna að lýsa aðstæðum á markaði þar sem verðsamkeppni ríkir. Þetta líkan, sem kallað er „likanið af fullkominni samkeppni“, sýnir hvernig verðsamkeppni getur tryggt neytendum lægsta hugsanlega vörverð á markaðnum og þá nýtingu framleiðsluþáttanna sem er í fullkomnu samræmi við óskir neytendanna, að ákvæðnum skilyrðum uppfylltum á markaðnum.

Öðrum markaðsaðstæðum er lýst með öðrum líkönum. Markaðsaðstæður eru flokkadar í nokkrar mismunandi tegundir þar sem litið er til ákvæðinna einkenna á markaðnum sem hafa áhrif á hegðun framleiðanda og neytenda. Eitt slíkt einkenni er samþjöppun á markaði. Með samþjöppun á markaði er átt við það hvort fair eða margir kaupendur og seljendur skipta markaðnum á milli sín. Ef einn aðil sér um allt framboðið er samþjöppunin algjör. Ef fjölmargir litlir aðilar, sem hafa ekki með sér samtök og hafa því ekkert markaðsvald, sjá um framboðið er engin eða afar litil samþjöppun á markaðnum.

Likanið af fullkominni samkeppni.

### 1. Fjöldi framleiðenda

Markaðsaðstæður eru alltaf flokkaðar í samræmi við fjölda framleiðenda á markaðnum. En hvers vegna skiptir fjöldi framleiðenda málí þegar við leitum að mælistiku sem getur metið markaðsaðstæður? Ástaðan er sú að fjöldi framleiðenda hefur mikil áhrif á hegðun þeirra á markaðnum. Við köllum markaðsaðstæður með algjörri samþjöppun eða einum framleiðanda einokun en við köllum markaðsaðstæðurnar fullkomna samkeppni þar sem framleiðendur eru svo margir og svo smáir að enginn peira getur haft minnstu áhrif á verðið á markaðnum. Fullkomin samkeppni er því við markaðsaðstæður þar sem engin samþjöppun er á markaði. Hér selur framleiðandinn einfaldlega á því verði sem myndast af framboði og eftirlspurn. Hann ræður sjálfur engu um verðið. Hann biggur það verð sem ríkir á markaðnum.

Ef á hinn böginn er einungis um að ræða einn framleiðanda á markaðnum þarf hann ekki að taka tillit til viðbragða neinná annarra á markaðnum en kaupenda vörunnar. Hann getur einfaldlega sett upp það verð sem er hagstæðast fyrir hann. Sagt er að þar sem engin samþjöppun er á markaði þar verð framleiðendurnir að setta sig við það verð sem markaðsöflin gefa af sér. En þar sem adeins er um að ræða einn aðila á markaðnum, eða þar sem fullkomin samþjöppun ríkir, setur framleiðandinn eða seljandinn sjálfur verðið á markaðnum og velur þá það verð sem hentar honum best.

### 2. Opinn eða lokaður markaður

Annað einkenni sem notað er sem mælistika á markaðinn er það hvort aðgangur að markaðnum er öllum opinn eða hvort hann er lokaður. Þá er átt við hvort hver og einn geti komist inn á markaðinn og hafið þar framleiðslu eða sölu eða hvort einhverjar alvarlegar hömlur séu á því að stofna fyrirtæki í atvinnugreininni. Slíkar hömlur eru hvorki fyrir hendi í fullkominni samkeppni né í ófullkominni samkeppni, en í einokun, tvíkeppni og fákeppni komast engir eða fáir aðilar inn á markaðinn. Hann er af einhverjum ástæðum lokaður örðum framleiðendum. Áður höfðu menn mestar áhyggjur af fjölda framleiðenda sem ástæðu þess að skortur var á samkeppni en seinna opnuðust augu manna fyrir því að lokaður markaður var e.t.v.


algengasta skýringin á skorti á samkeppni. Skortur á samkeppni leiðin til herra vörverðs og aukins gróða fyrir framleiðandann. Margar starfsstéttir viðs vegar um heiminn hafa t.d. óldum saman takmarkað aðgang að stétt sinni í þeim tilgangi einum að koma í veg fyrir lægri tekjur í stéttinni. Oft er boríð við skorti á kennsluplássum og miklum gaðakröfum sem ástæðum fyrir fjöldatakmörkunum.

### 3. „Stóðluð“ vara, einstök vara eða merkjvara

Priðja einkennið sem notað er til að lýsa markaðnum er það hvort varan sem fyrirtækið framleiðir er nákvæmlega eins og sú vara sem samkeppnisáðilarnir framleiða eða hvort hún er að einhverju leyti frábrugðin vörum annarra framleiðenda. Nýmjólk og smjör eru staðlaðar vörur,<sup>1</sup> en aftur á móti eru í boði fjölmargar ólíkar tegundir af ilmvötnum, þvottafeini, sigarettum, gosdrykkjum, snyrtivörum, skóm, fþróttafatnaði, bílum o.s.frv. Sams konar vörur eða merkjavörur einkenna markaðsaðstæður þar sem samkeppni fer fram með auglysingum í stað verðsamkeppni.

### 4. Verðþiggjandi eða verðákvarðandi markaðsaðilar

Fjórða einkennið sem notað er til að flokka markaðsaðstæður er hvort framleiðandinn eða kaupandinn getur ákveðið verðið á markaðnum eða hvort hann þarf að selja eða kaupa á því verði sem markaðsöflin ákveða fyrir hann. Íslensk útflutningsfyrirtæki í sjávarútvegi verða að selja fiskinn á heimsmarkaðsverði hverju sinni. Það sama má segja um íslenska banka sem bjóða þjónustu sína erlendis. Ef einungis einn framleiðandi er aðt að móti á markaðnum þarf hann ekki að taka tillit til viðbragða neinná annarra á markaðnum en kaupenda vörunnar. Hann getur einfaldlega sett upp það verð sem er hagstæðast fyrir hann. Fyrir rúnum fyrirtúum var sjaldgæft að hingað til lands kæmu heimsfrægir listamenn. Þá var lítið um ferðir Íslendinga til annarra landa nema menn ættu þangað brýnt erindi. Tónleikahaldarar fluttu hér inn eina frægstu söngkonu



<sup>1</sup> Hér er hvorki flutt inn erlent smjör né mjólk.

heims og settu verðið hátt vitandi sem var að hér var engin samkeppni á markaðnum. Þessi fræga söngkona söng fyrir háltómu húsi í Háskólabíói þótt þúsundir manna hefðu gjarnan viljað hlyða á söng hennar. Það hafði gleymst að markaðurinn hefur tver hliðar. Þó að menn hafi algjöra einokun á framboðinu geta þeir ekki sett verðið án tillits til kaupgetu neytendanna.

#### 5. Hreyfanlegir eða fastir framleiðsluþættir

Í sumum framleiðslugreinum eru notaðir sérhæfðir framleiðsluþættir sem ómógulegt er að nýta til annarrar framleiðslu. Þessa framleiðsluþætti er ekki hegt að fára yfir til neinnar annarrar atvinnugreinar. Þegar þannig er ástatt er meiri áhætta fóllin í að hefja rekstur en í greinum þar sem auðvelt er að losa sig við framleiðsluþættina reynist reksturinn ekki skila ásættanlegri afkomu. Það að erfitt sé að hætta starfsemi í ákvæðinni atvinnugrein getur því haft sömu áhrif og bein takmörkun á aðgengi fyrirtækja að ákvæðnum markaði. Álveri verður hvorki breytt í sláturnhús né barnaskóla. Enginn kaupir álver nema samkeppnisaðilarnir og þeir vita vel að þú getur engum öðrum selt.

Vinnufl með sérhæfða menntun og langa starfsþjálfun, t.d. hjúkrunarfraðingur á skurðstofu, háskólkennari í þjóðháttarfraði eða kjarneðlisfræðingur á Íslandi, hefur ekki mörg atvinnutekifærí hér á landi og flokkast því sem óhreyfanlegur framleiðsluþáttur. En þetta vinnufl er hreyfanlegt milli landa því að það er eftirsótt erlendis og getur flutt sig þangað.

#### Helstu tegundir markaðsaðstæðna

Helstu tegundir markaðsaðstæðna eru fullkomín samkeppni, einokun, ófullkomín samkeppni og fákeppni (tvíkeppni). Við skulum skoða þessar markaðsaðstæður hverja fyrir sig og hafa það hugfast að hér er ekki verið að lýsa raunverulegum aðstæðum, heldur er um að ræða likön sem búin eru til í þeim tilgangi að gefa ákveðnar niðurstöður og gera okkur þannig kleift að skilja hvað það er við raunverulegar markaðsaðstæður sem kemur í veg fyrir eða tryggir samkeppni og lágt vörumerð á markaði.

#### Fullkomín samkeppni

Við skulum fylgja fordæmi Adams Smith og gefa okkur þær forsendur að við hvaða markaðsaðstæður sem er reyni aðilarnir

á markaðnum alltaf að gera það sem þeim sjálfum kemur best. Einkahagsmunir ráða ferðinni bæði hjá neytendum og framleiðendum við allar markaðsaðstæður. Þetta þýðir að neytendur reyna alltaf að kaupa vöruna þar sem hún er ódýrust og fara þannig með fjármuni sína að þeir hámarki ánægju sína af þeim vörum sem þeir kaupa. Með öðrum orðum sýna neytendur hegðun á markaðnum sem byggist á skynsemi. Markmið framleiðandans er hámarksgróði. Það merkir að hann selur vöruna þar sem hann fær hæst verð fyrir hana og velur þá framleiðsluáðferð sem er ódýrurst. Hann velur alltaf þá framleiðsluþætti sem eru ódýrastir miðað við afköst þeirra. Launbegar sækja í þau störf sem þeir fá best borgað fyrir og flytja sig ef þeir geta úr þeim störfum þar sem lægri laun eru greidd.

Fullkomín samkeppni er líkan af markaðsaðstæðum sem tryggja neytendum besta nýtingu framleiðsluþáttanna þegar tekið er mið af óskum þeirra og þessar markaðsaðstæður tryggja auk þess neytendum lægsta hugsanlegt verð á markaði. Til að þessi óskaniðurstaða<sup>2</sup> fáist á markaðnum þurfa eftirlalin skilyrði að vera fyrir hendi:

- Framleiðendurnir eru bæði margir og smáir og það sama á við um kaupendur á markaðnum.
- Varan sem seld er á markaðnum er stöðluð.
- Framleiðendur og neytendur búa yfir fullkominni þekkingu.
- Framleiðsluþættirnir eru hreyfanlegir.
- Greinin er öllum opin.
- Ofurgróði helst ekki í greininni.

Hvaða áhrif hafa þessir eiginleikar fullkominnar samkeppni?

- Ef bæði framleiðendur og neytendur eru margir og smáir<sup>3</sup> þýðir það að enginn aðili á markaðnum er svo stór að hann geti haft minnsta áhrif á verð. Litlir aðilar verða að sætta sig við það verð sem ríkir á markaðnum

<sup>2</sup> Lægsta hugsanlegt verð og framleiðsla í samræmi við óskir neytenda.

<sup>3</sup> Smár aðili þýðir hér aðili sem kaupir eða selur örlistini hluta af heldarverðmætinu á markaðnum.



og sem myndast hefur af framboði og eftirsurni. Þeir geta hvorki haggað framboðinu né eftirsurninni það mikil að verðið breytist á markaðnum. Stórir kaupendur geta fengið magnafslátt og stórir framleiðendur geta oft ákveðið verðið á markaðnum. Í fullkominni samkeppni, þar sem markaðsöflin hafa öll völd, hefur hver kaupandi engin ahrif á verð.

- Stöðluð vara merkir að varan er nákvæmlega eins, hver svo sem framleiðandinn er. Þetta tryggar að það er eingöngu verðið sem stjórnar því af hverjum þú kaupir vöruna. Vara sem merkt er Benetton, Dior, Lewis, Colgate, Lux eða Camper er ekki stöðluð vara þótt hún eigi sér marga sambærilega staðengla. Þessar vörur er allar hægt að auglýsa og hafa þannig ahrif á hegðun neytandans. Hann hugsar ekki lengur eingöngu um verðið heldur finn honum Boss vera „fint merki“ eða hann heldur að það sé flott að vera í Prada-skóum. En nýmjólk er stöðluð vara og við höfum ekki hugmynd um hvort bónindinn sem framleiðdi mjólkina hétt Björn í Brekkukoti eða Bjartur í Sumarhúsum. Nýmjólkini lítur öll nákvæmlega eins út og er öll í sama konar pakkningu. Auglýsingar eru óþarfar í heimi fullkominnar samkeppni nema allir framleiðendurnir geta tekið sig saman og auglýst „Mjólk er góð“ því að auðvitað keppa mjólkurframleiðendur við framleiðendur annarra drykkja á markaðnum þó að blesstaðar kýrnar hafi enn einkaleyfi á aðferðinni við að framleiða þennan staðlæða drykk.
- Fullkominn þekkingjum þýðir að allir framleiðendur og neytendur vita allt sem máli skiptir á markaðnum. Framleiðendurnir þekkjá ódýrustu aðferðina við framleiðsluna. Þeir vita hvar ódýrasta og besta hráefnið er fáanlegt og hvar besta vinnuaflið og afkastamestu velarnar er að finna. Þeir vita sem sé allt sem máli skiptir í sambandi við framleiðsluna. Neytendurnir hafa verðskyn. Þeir vita hvar ódýrasta mjólkini fest og kaupa hana alls ekki nema þar sem hún er ódýrust. Enginn kaupir mjólk nema á legsta verðinu því þegar varan er stöðluð er enginn munur á gæðum hennar, hvar sem hún er keypt. Þeir sem reyna að selja vöruna yfir markaðsverði selja ekkert.


- Hreyfanlegir framleiðsluþættir þýða í raun ósérhæfðir framleiðsluþættir sem haegt er að nota í mörgum framleiðslugreinum. Ófaglært vinnuafli má nota í mörgum ólíkum framleiðslugreinum. Því sérhæfðari sem framleiðsluþátturinn er þeim mun færri möguleika hefur hann hér á landi ef samdráttur verður í þeirri atvinnugrein þar sem hann en notaður. Í kjölfar hruns síldarstofnsins á árunum 1967 og 1968 urðu sjölmargir iðnaðarmenn í byggingarðnaði atvinnulausir vegna hins mikla samdráttar sem varð í esnahagslífini hér á landi. Þeir fluttu þá þúsundum saman til Svíþjóðar og Danmerkur þar sem þeir fengu vinnu við sitt hæfi því að þessum árum vildi svo vel til að þar var mikill skortur á iðnaðarmönnum. Ef vinnuaflið er ekki hreyfanlegt færst það ekki á milli greina þótt launin hækki í greinum þar sem eftirsurni hefur aukist. Hreyfanlegir framleiðsluþættir eru forsenda þess að hátt verð og mikill gróði geti dregið til sín framleiðsluþætti úr öðrum greinum þar sem gróðinn er minni og launin og verðið lægra.
- Aðgangur að greininni þarf að vera fyrir alla. Engar hömlur mega vera á því að nánast hver sem er geti hafis framleiðslu í atvinnugreininni. Þetta þýðir m.a. að framleiðslan má ekki hafa í för með sér miklar fjárfestingar. Allir þurfa að geta reist áver, flugvélaverksmiðjur, bílaverksmiðjur eða olíuhreinsunarstöðvar. Mennt þurfa að hafa frjálsan aðgang að öllum þeim framleiðsluþáttum sem nauðsynlegir eru til framleiðslunnar. Hér þarf því ekki að eiga kvóta til að geta veitt íslenskan þorsk og hér þurfa menn ekki að eiga land í Rioja á Spáni til að geta framleitt Rioja-rauðvín. Ef þorskurinn og rauðvínin seljast á hæsta verði og gróðinn í sjávarútvegi og vínrækt gefur skarplega til kynna að þangað væri vänlegt að fera sig í stað þess að vinna afram hjá Póstinum, þá hattum við hjá Póstinum og veidum þess í stað fisk eða ræktum meira af vínberjum því að við erum í fullkominni samkeppni þar sem allir geta framleitt. Engin einkaleyfi væru í framleiðslunni og ekker kæmi í veg fyrir að þú gætir framleitt eða selt ákveðna vörum eða þjónustu því markaðurinn er öllum opinn. Allir getu t.d. flutt inn og dreift

hér ódýru áfengi. Við gætum sett upp vínbúdir hvar sem er því að ÁTVR hefði ekki lengur einkaleyfi á sölu og dreifingu áfengis. Hér kemur stærðarhagkvænni<sup>4</sup> ekki í veg fyrir að ný fyrirtæki geti keppt við þau sem fyrir eru í greininni. Hér þarf nýtt fyrirtækið ekki að greiða niður vöruna sína til að geta boðið sambærilegt verð því að þeir sem fyrir eru í greininni hafa sama kostnað á eingingu í framleiðslunni og nýja fyrirtækið sem framleiðir þó miklu minna magn. Mikill auglýsingakostnaður fyrirtækja í greininni getur heldur ekki gert nýjum aðilum erfitt fyrir þegar þeir ætla að hefja framleiðslu á vörum því að varan þín pekkist alls ekki frá vörum hinna. Hér auglýsir því enginn.

② Ofurgróði er gróði umfram þann gróða sem framleiðandinn telur sér nauðsynlegan til að hann vilji stunda ákvæðinn rekstur. Ofurgróðinn hverfur þegar til lengri tíma er litlög í fullkominni samkeppni því hér er aðgangur að greininni öllum opin og þegar nýr framleiðendur flykkjast inn í þá grein þar sem ofurgróða er að finna eykst framboðið, verðið lækkar og ofurgróðinn hverfur.

Hægt er að sjá hvernig fullkomnar samkeppnisaðstæður líta út á mynd 10.1. Hér myndast verð með heildarframboði og heildareftrspurn á markaði og verður 100 kr. Óll fyrirtækin í fullkominni samkeppni eru svo lítil að þau geta hvert um sig ekki haft nein áhrif á verð svo að þau verða að sætta sig við það verð sem

**Mynd 10.1** Fullkominn samkeppni



<sup>4</sup> Framleiðslukostnaðurinn lækkar þegar meira magn er framleitt.

Litið dæmi um fullkominn samkeppnismarkað fyrir sumarblóm


Fjölmargir aðilar á höfuðborgarsvæðinu hafa sáð sumarblómum af öllum tegundum og ræktarð því að aðferðin er öllum kunn, fræið ódryrt og litlu gróðurhús í mórgum gördum. Um miðjan maí er orðið svo hlýtt að garðeigendur fara niður á torg sem gert hefur verið að aðalmarkaðsstað Reykjavíkinga. Þar hafa verið sett upp borð sem allir framleiðendur hafa aðgang að á vægu verði og nú hefst salan. Fljótegla myndast verð á markaðnum sem hækkar ef framleiðendur hafa komið með minna magn á markaðinn en það sem neytendur vilja kaupa. Verðið lækkar á hinum böggjum ef magnið sem framleiðendur hafa flutt á markaðinn pennan dag er meira en það sem neytendur vilja kaupa. Það myndast ákvæðið markaðsverð, t.d. 40 kr. Kaupendumrít vita allt sem máli skiptir á markaðnum (fullkominn þekking) og þeim er því vel kunnugt um að nú er verðið á plöntunni 25 kr. í Hafnarfirði. Hagsýnir kaupendur hráða fór sinni þangað og nú minnkar efterspurnin í Reykjavík og verðið þar lækkar. Efterspurnin heldur áfram að lækka í Reykjavík þar til verðið er orðið svipað og í Hafnarfirði.

Setjum svo að kostnaðarverð hverrar plöntu sé 5 kr. Gróðinn á hverja sella plöntu er 20 kr. Nokkrir grænmetisframleiðendur ákvæða að framleiða sumarblóm á næsta ári því að þeir sjá að þa er miklu meiri gróði í sumarblómárektun en í tómótum og grænkáli.

Á næsta ári kemur þess vegna miklu meira magn af sumarblómum á markaðinni í Hafnarfirði og Reykjavík. Aukið framboð lækkar verðið á markaðnum og þá minnkar gróðinn í sumarblómárektinni og líkist nú meira þeim gróða sem algengur er hjá grænmetisframleiðendum.

Framleiðendur í grænmetisárektun munu auka framboð sitt af blómum þar til gróðinn í blómárekt er orðinn svipaður því sem gerist í grænmetisárektun, eða allt til þess að verðið á blómunum hefur lækkad niður í lægsta hugsanlega verð sem blómaframleiðendur geta hugsað sér að fá fyrir blómin sem er um 5 kr. Lækki verðið enn meira hafta allir að framleiða blóm. Þetta gerist þegar verðið er orðið lægra en meðalkostnaður á plöntu og menn eru farnir að tapa á blómum.





Mynd 10.2 Skammtímajafnvægi.


$JK$  = kostnaður við framleiðslu á einni einingu í viðbót.

$JT$  = þær tekjur sem þú færð við að selja eina einingu í viðbót.

þskir á markaðnum. Eftirspurnin sem snýr að hverju einstöku fyrirtæki í fullkominni samkeppni er því lárétt lína á markaðsverðinu 100.

Sjá má skammtímajafnvægið hjá þessu fyrirtæki á mynd 10.2. Fyrirtækið stefnir að hámarksgróða svo að það framleiðir þar sem  $JK = JT$ . Markaðsverðið er 100 kr. og þegar magnið er 400 er meðalkostnaður á einingu 75 kr. svo að hér er ofurgróði sem nemur 25 kr. á hverja einingu. Menn halda áfram að auka framleiðsluna svo lengi sem hver viðbótareining sem framleidd er selst fyrir hærra verð en það sem það kostar að framleiða hana ( $JK$ ). Það er ekki fyrir en jaðarkostnaðurinn og jaðartekjurnar (hér verðið) eru það sama að hámarksgróða í framleiðslunni er náð.

Það er fullkomin þekking á markaðnum og allir vita því um ofurgróðann svo að nái flykkjast ný fyrirtæki til þessarar framleiðslu og heildarframboðið á markaðnum vex, sjá fyrir grafið á mynd 10.3. Þegar heildarframboðið vex lækkar verðið og um leið lækkar eftirspurnarkúrvan hjá hverju einstöku fyrirtæki sem framleiðir þessa vörum í fullkominni samkeppni, sjá seinni grafið á mynd 10.3.



Mynd 10.3 Aukið heildarframboð, lægri eftirspurnarkúrvu


á mynd 10.3. Þegar heildarframboðið vex lækkar verðið og um leið lækkar eftirspurnarkúrvan hjá hverju einstöku fyrirtæki sem framleiðir þessa vörum í fullkominni samkeppni, sjá seinni grafið á mynd 10.3.

Nýja jafnvægið kemst á þegar verð vörunnar hefur lekkað það

mikið að ofurgróðinn er horfinn en það gerist ekki fyrir en  $JK = MK =$  verð, sjá mynd 10.4. Nú er hagnaðurinn í þessari framleiðslugrein sambærilegur við það sem gerist annars staðar í hagkerfinu

### Einokun

Einokun eru markaðsaðstæður þar sem markaðurinn einkennist af eftirsarandi þáttum:



Mynd 10.4 Langtíma-jafnvægi

- Einn aðili hefur allt framboðið í sínum höndum.
- Hann framleiðir einstaka vörum eða þjónustu.
- Hann ákveður sjálfur verðið á markaðnum eða það magn sem hann vill selja.
- Markaðurinn er af einhverjum ástæðum lokaður öllum öðrum framleiðendum.
- Ofurgróðinn helst í greininni til lengri tíma.

Hér er annaðhvort um að ræða eitt fyrirtæki sem framleiðir allt sem framleitt er af vörunni eða þjónustunni eða einn aðila sem selur alla framleiðsluna fyrir fyrirtækin í greininni. Hann hefur einn umboð til þess að ákveða sameiginlegt verð fyrir öll framleiðslufyrirtæki í þessari grein. Þegar fyrirtæki mynda söluamtök af þessu tagi verða þau einnig að ákveða sameiginlega magnið sem framleitt er, annars missa þau einokunarvaldið.

Verðsamráð er ólöglegt í flestum löndum en ein þekktustu sölusamtök í heimi eru OPEC eða samtök olíuútlutningsríkja. IATA eru alþjóðasamtök flugfélaga sem áður fyrir voru sölusamtök sem ákváðu fargjöld á helstu flugleiðum, t.d. yfir Atlantshafið. Samtökum komu þannig í veg fyrir nánast alla verðsamkeppni í flugi. Varan eða þjónustan sem framleidd er við einokunaraðstæður er einstök. Hér er átt við að ekkert annað fyrirtæki framleiðir neina vörum eða þjónustu sem er náinn staðgengill hennar, þ.e. getur komið í stað vörurnar sem einokarinn framleiðir eða selur.

Tannlæknar ákveða og birta verð á þjónustu sinni en eftirspurnar folks eftir þjónustu tannlækna ákveður síðan hversu margr hafa

efni á að greiða fyrir þjónustuna. Tannlæknajþjónusta er latin í té af mörgum tannlæknum sem setja verð sitt við einokunaraðstæður. Þó að ekkert geti komið í stað tannlæknajþjónustu takmarkar verðið kaup fólks á þjónustunni þar sem verðið er of hátt til þess að láglauнаfólk eða tekjulausir einstaklingar geti keypt hana. Tannlæknar kvarta og kenna um of lítili þátttöku rikisins í tannlæknakostnaði barna því að komið hefur í ljós að börn láglauнаfólk skila sér ekki sem skyldi til tannlækna. Fjöldi tannlæknar og tekjur þeirra ákvæðast af þeim fáu tannlæknum sem útskrifast annað hvert ár. Með annars konar verðlagningu og fleiri tannlæknum getu tannlæknar að sjálfsgóðu bætt tannheilnu barna. Hér getu þeir hámarkað grða sinn með því að beita ólikri verðlagningu fyrir börn og fullorðna eins og alsíða er á mörkuðum vegna þess hve kaupmáttur barna og fullorðinna er misjafn.

Einokun fyrirtækis eða einstaklinga í ákveðinni framleiðslugrein stafar af mörgum ástæðum en orsakanna er yfirleitt að leita í einhverju konar takmörkunum á aðgangi fyrirtækja eða einstaklinga að markaðnum. Einkaleyfi, einokun á nauðsynlegum framleiðsluþætti og mikil stærðarhagkvæmni eru þrijár ástæður af mörgum sem geta valdið því að enginn kemst inn á markað einokarans.


#### Dæmi um einokunaraðstæður á sumarblómamarkaði

Samtök blómframleiðenda hafa allra blómframleiðendur á landinu innan sinna vébanda. Þessi samtök ákveða sameiginlega verð á sumarblómum á ári hverju svo og það magn sem sett er á markað hverju sinni. Þegar magnið er ákveðið taka þóri af sölu síðasta vors og almennt eftirspurni í þjóðfelaginu. Sumarblómin má aðeins selja í gróðurhúsum samtakanna og til þess að stunda blómasölu þarf sérstakt leyfi yfirvalda að tenginni umsógn samtaka sumarblómframleiðenda. Ef magnið sem ákveðið var að framleiða á þessu ári reyndist of lítið (eftirspurnin var meiri en áætlæð hafði verið) hækkar einfaldlega verðið á blómunum þangað til framboð og eftirspurn eru í jafnvægi. Það er bullandi grðið af blómasölnni og hátt verð en engir samkeppnisáðilar geta fengið hlutdeild i hagnaðinum því að framleiðendurnir eru allir í sama felaginu, innflutningur er bannaður á sumarblómum og öll sala er háð leyfum frá landbúnaðarráðuneytinu.

Stundum eru tveir einokarar sinn hvorú megin við borðið á einum og sama markaðnum. Þá er einn kaupandi og einn seljandi að vörurnu eða þjónustunni. Dæmi um þetta eru t.d. launþegasamtök eins og BSRB sem er nær eini aðlinn sem semur um kaup og kjör fyrir opinbera starfsmenn sem ekki eru háskólamenntaðir, svo og fjármálaráðuneytið sem er eini kaupandinn að þessu sama vinnafla. Einokarinn selur minna magn af vörum og á herra verði en gert væri ef varan væri sold við markaðstæður fullkominnar samkeppni.

A mynd 10.5 má sjá hvernig einokunar aðstæður lita út á grafi. Þar sem einokarinn er eini framleiðandi vörurnar er eftirspurnarkúrva hans sú sama og heildareftirspurnarkúrvan á markaðnum. Hún hallar því niður til hægri. Þar sem eftirspurnarkúrvan er sein lína verður jaðartekjukúrvan sem henni fylgir líka þeim lína sem sker x-ássinn miðja vegu milli 0 og skurðpunktar eftirspurnarkúrvunnar við x-ássinn. Framleiðandinn stefnir að hámarksgrða og framleiðir það magn þar sem JK = JT.

Úr skurðpunktum JK og JT fórum við beint niður á x-ássinn til að finna hve mikil magn er best að framleiða og síðan fórum við beint upp á eftirspurnarkúrvuna til að finna verðið sem einokarinn getur sett þetta ákveðna magn á. Það er ofurgrði því að MK (meðalkostnaður) er lægri en verðið. Aðgangur að greininni er lokaður svo að skammtimajafnvægið og langtíma jafnvægið er það sama, því að hér kemst enginn inn á markaðinn til að næla sér í ofurgrðann. Á mynd 10.5 eru heildartekjurnar verð margfaldað með magni, eða 10.000 kr. Heildarkostnaður er meðalkostnaður margfaldaður með fjölda framleiðdra eininga og er hér 2.500 kr. Hagnaðurinn er 7.500 kr. og er mismunurinn á heildartekjum og heildarkostnaði og er sýndur sem stærri ferningurinn á myndinni.



Mynd 10.5 Einokun, langtíma- og skammtímagafnvægi

## Ófullkomin samkeppni

Annað nafn á ófullkominni samkeppni er einokunarsamkeppni því að einkenni þessara markaðsaðstæðna eru sótt bæði í einokun og fullkomna samkeppni.

Ófullkomin samkeppni eru markaðsaðstæður sem hafa eftirfarandi einkenni:

- Það eru mörg fyrirtækí og margir kaupendur á markaðnum
- Fyrirtækin framleiða ekki staðlaða vörur heldur sams konar vörur.
- Fyrirtækin reyna að gera sína vörur að einhverju leytti frábrugðna vörum hinna fyrirtækjanna í greininni, t.d. með því að auðkenna hana með nafni, sérstakri pakknningu eða einhverju því sem gerir hana öðruvísni í augum kaupendanna.
- Fyrirtækin framleiða margar útgáfur af sömu vörum. Þetta gera þau til að draga úr möguleikum nýrra aðila við að ná fótfestu á markaðnum.
- Hér er ekki keppt í verði heldur fyrst og fremst með auglýsingum.
- Auglýsingarnar miða að því að telja neytandanum trú um að þessi ákvæðna tegund af sápu, rafhlöðum eða varalit sé alveg einstök vara og allsendis frábrugðin öllum öðrum sams konar vörum á markaðnum. Auk þess festa síendur teknauglýsingar nafn vörunnar eða svokallað vörumerki í huga neytandans – þannig að þegar talð er um tannkrem dettur honum strax í hug eitt hvert nafn, svo sem Colgate, eða ef minnst er á gosdrykk kemur til dæmis Coke strax upp í hugann.
- Aðgangur að greininni er öllum opinn.
- Það er umframframleiðslugeta í fyrirtækjunum.
- Ofurgröðinn helst ekki í gréininni.

Margir framleiðendur og margir kaupendur einkenna þennan markað alveg eins og í fullkominni samkeppni. En varan er hér hvorki stöðluð eins og í fullkominni samkeppni né einstök eins og í einokun, heldur eru hér margir aðilar að framleiða sams



konar vörur sem eru þó á einhvern hátt frábrugðnar vörum hinna framleiðendanna.

Hér gengur markaðssetning fyrirtækisins út að gera vöruna aðgreinileg frá vörum annarra samkeppnisaðila á markaðnum. Þar sem veitingahúsin á höfuðborgarsvæðinu eru fjölmörg er brýnt fyrir þau að finna sér ákvæðið svið í matargerð sem er að einhverju leytti öðruvísni en hjá hinum og kalla staðinn nafni sem vekur athygli, t.d. MacDonalds, American Style, Subway, Við Tjörnina, Hótel Holt, Humarhúsið, Grænn kostur, Sjávarréttakjallarinn o.s.frv. Allir þessir staðir selja mat og framleiða alls konar rétti, kínverska, tailenska, grænmetirsrétti, fiskrétti, ameríkska skyndibita, ítaliska rétti o.s.frv. Á matseðlinum eru oft margir ólíkir réttir sömu tegundar, t.d. er hægt að fá pítsu með afskaplega mörgum og ólikum áleggste Gundum. Allir þekkja nafnið á veitingahúsini og það verður að auglýsa mikil svo það gleymist ekki í öllu matar- og skyndibitaflöðinu.


Hljóð sama væri hægt að segja um verslanir sem selja alls konar tískaufatnað. Allar verslanirnar selja sams konar vörur en aðgreina hana frá öðrum vörum með nafni og auglýsingum og höfða í þeim til ólíkska tekju- og aldursþópa eða jafnvel til ólíks menningsarhópa.

Það er ekki erfitt að setja upp verslun eða matsölustað. Hægt er að byrja smátt í ódýru húsnæði og fára síðan út kvíarnar ef vel gengur. En óliklegt er að mikil sér að því að græða nema það takist að sannfæra kaupendurna um að hér sé boðið upp að eitt-hvað alveg sérstakt sem ekki sér að finna á neinum öðrum matsölustað eða í annarri fatafubú.


Ef þetta tekst er líka hægt að hækka verðið og auka gróðann því að nú ert þú ekki lengur að framleiða og selja við markaðsaðstæður ófullkominnar samkeppni, heldur ert þú orðinn einokari sem framleiðir eða selur einstaka vörur sem enginn annar getur framleitt eða selt. Þú ert nefnilega með vörumerkið sem allir vildu geta selt en enginn annar getur fengið eða hefur í þinni þjónustu meistarkokkinn sem allir tala um þessa stundina.

Þú ert lukkanar pamfill en það er ekki víst að hamingjusól þín skíni lengi því að arðsemishvötin bærist í brjóstum allra hinna sem græða ekki jafnmikið á framleiðslu sinni. Þeir reyna nefnilega að ná í gróðann þínum með því að framleiða eða selja sams konar vörur og þá sem þú ert að græða á.

**Mynd 10.6** Ófullkomin samkeppni – skammtíma-jafnvægi



**Mynd 10.7** Ófullkomin samkeppni – langtíma-jafnvægi



Við skulum sjá hvernig ófullkomin samkeppni lítur út á mynd 10.6. Varan hefur verið gerð einstök svo að eftirspurnarkúrvan hallar niður til hægri en hún hefur marga staðengla svo að hallinn á eftirspurnarkúrvunni er miklu minni en við einokunaraðstæður.

Fyrirtækid framleiðir það magn þar sem  $JK = JT$ . Hér er ofurgróði því að  $MK$  er miklu lægri en verðið. Markaðurinn er ekki lokaður svo að nú flykkjast sifellt fleiri fyrirtæki inn í greinina til að ná í ofurgróðann, sjá mynd 10.7, en þá minnkar eftirspurnin hjá hinum fyrirtækjunum sem fyrir eru í greininni og eftirspurnarkúrva fyrirtækisins, og þar með  $JT$ -kúrvan, hliðrast til vinstra.

Eftirspurnarkúrvan heldur áfram að hliðrast til vinstra þar til ofurgróðinn er horfinn en það gerist ekki fyrr en  $MK =$  verð. Hér snertir  $MK$ -kúrvan eftirspurnarkúrvuna við það magn þar sem  $JK = JT$ . Verðið á markaðnum er hærra og magnið minna sem framleitt yrði í fyrirtæki í fullkominni samkeppni.

### Fákeppni og tvíkeppni

Munurinn á tvíkeppni og fákeppni er eingöngu fjöldi framleiðenda er tvíkeppni fákeppni með tveimur fyrirtækjum. Helstu einnenci þessara markaðsaðstæðna eru eftirfarandi:

- Ríkjandi fyrirtæki á markaðnum eru fá og þau hafa þar af leiðandi hvert um sig mikla markaðshlutdeild.
- Í hvert skipti sem fyrirtæki í fákeppni tekur ákvörðun um


verðbreytingar eða aðrar breytingar sem máli skipta á markaðnum veltir það því fyrir sér hver muni verða viðbrögð samkeppnisáðilanna á markaðnum. Viðbrögð samkeppnisáðilanna eru nefnilega ekki síður mikilvæg fyrir velgengni fyrirtækisins en ákvæðanir fyrirtækisins sjálfs.

- Ef eitt fyrirtæki á fákeppnimarkaði lekkar verð lækka hin fyrirtækin verðið á vörumnum sinum í kjölfarið en ef fyrirtæki í fákeppni hækkar verð fylgja keppinautarnir því yfirleitt ekki nema fyrirtækid sem um væðir hafi fengið það hlutverk að vera leiðandi í verðlagningu á markaðnum.
- Fyrirtæki í fákeppni keppa helst ekki í verði heldur keppa þau með alls konar þjónustu, svo sem með fjölda útsölu-staða, með kaffiveitingum og með alls konar smágjöfum til viðskiptavina sinna, svo sem dagatölum, lyklahringjum, sparibaukum, garðahandbókum, svuntum, innistæðum á bankabókum handa fermingarbörnum o.s.frv.
- Keppi fyrirtæki á fákeppnimarkaði í verði er það yfirleitt í þeim tilgangi einum að reyna að auka markaðshlutdeild sína á kostnað keppinautanna. Þá geta komið upp svökölld verðstríð. Þau standa yfirleitt stutt því að þau hafa í för með sér lægra verð og minni gróða hjá öllum fyrirtækjunum á markaðnum.
- Fyrirtæki í fákeppni reyna oft að tengja kaupendurna við sig með vildarpunktum, fríkortapunktum, peningagjöfum til fermingarbarna og nemendafélaga eða með gjöfum sem viðskiptavinirnir fá eftir að hafa safnað fjölda flóskutappa, merkjum af kaffipókkum og kexpókkum o.s.frv.
- Fyrirtæki í fákeppni beita stundum svokallaðri rándýrs-verðlagningu ef nýir aðilar reyna að komast inn á fákeppnimarkaðinn. Þessi aðferð felst í því að lækka verð á þeim vörum eða þjónustu, sem nýi aðillinn býður á markaðnum, niður fyrir kostnaðarverð og býða þess síðan að keppinautnum blæði út. Þegar hann loksns gefst upp á að selja vörur langt undir kostnaðarverði og fer út af markaðnum hækka gömlu fyrirtækin aftur verðið og halda áfram að selja á verði sem tryggir þeim ofurgróða í greininni.
- Fyrirtæki í fákeppni setja yfirleitt verð sitt sameiginlega. Þar sem verðsamráð er ólöglegt og refsivert er það oftast stærsta fyrirtækid á markaðnum sem ákveður verðið og

hin fylgja því. Stundum er það lítið en virt fyrirtæki á markaðnum sem leiðir markaðinn. Hin fyrirtækin treysta því til að þekkja markaðinn það vel að það geti fundið það verð þar sem sameiginlegum hámarksgrða fyrirtækjanna verði náð.

- Gróði í atvinnugrein sem býr við fákeppni verður meiri ef fyrirtækin vinna saman. En hvert einstakt fyrirtæki í fákeppni graðir meira ef það svíkst undan merkjum og selur meira magn en umsamið var eða á laegra verði en samið var um. Það er hví alltaf tölverð freisting að svíkjast undan merkjum í fákeppni.

Það er annars vegar stærðin og hins vegar hegðun fyrirtækisins, sem byggist á kaensku, sem einkennir fákeppnifyrirtækin. Orsakir stærðarinnar geta verið margar. Tæknileg stærðarhagkvæmni,



## **Mynd 10.8** Fákeppni – langtíma og skammtíma jafnvægi

ir, vätryggingatélogin, kvíkmynndahúsini, matvörudreifingin og flutningafyrirtækni aðeins nokkur dæmi um fákeppnimarkaði. Stundum er notuð sú mælistíka að segja að ef 75% markaðsins séu í höndum fimm fyrirtækja eða færri kallist markaðurinn fákeppnimarkaður.

Á mynd 10.8 má sjá markaðsástæður í fákeppni. Við erum stödd á markaði þar sem verðið er 100 kr. Ef menn hækka verð verður verðteygni eftirsprungar meiri en ef menn lækka verð<sup>5</sup>

<sup>5</sup> Þegar verð er lækkð af fyrirteki í fákeppni fylgja hin fyrirtekin fast á eftir og lækka verðið líka svo að áhrifin af verðlækkuninni verða lítl, þ.e. þú færð ekki marga viðskiptavini því að þeir dreifast á öll fákeppnifyrirtekin í greininni.

svo að við þurfum að nota samsetta eftirspurnarkúrvu eða svokallaða brotna eftirspurnarkúrvu til að útskýra hvað gerist í fákeppni þegar verðið breytist.

Ef fyrirtækið framleidir á verðinu 100 kr. og ákveður að hækka verðið hefur eftirspurnarkúvan mikla verðtegyni fyrir ofan verðið 100 því að hækki fyrirtæki í fákeppni verð fylgja hin ekki í kjölfarið og það tapar því mörgum viðskiptavinum á því að hækka verðið. Reyni fyrirtækið aflur á móti að lækka verð niður fyrir 100 kr. fylgia öll fyrirtækin forðæmi þess og lækka líka verðið þannig að það eignast ekki marga nýja viðskiptavini fyrir vikið. Verðtegyni eftirspurnar er sem sé mikil fyrir ofan markaðsverðið 100 kr. en miklu minni fyrir neðan markaðsverðið. Jádartejkukúrvan er ennþá einkennilegri. Hún er samsætt úr tveimur jádartejkukúrvum tveggja eftirspurnarkúrva og stóð hluti hennar er löðréttur sem útskýrir hvers vegna verð í fákeppni er yfirleitt nokkuð stöðugt.

**Verkefni**

- 1** Hvaða forsendur gefur hagfræðin sér um markmið framleiðenda, neytnda og eigenda framleiðsluþáttanna á markaðnum?
- 2** Hvaða máli skiptir fjöldi aðila á markaði og aðgengi framleiðenda að markaðnum?
- 3** Hvaða máli skiptir hvort varan á markaði er stöðluð eða að einhverju leyti frábrugðin öðrum vörum sem seldar eru á sama markaði?
- 4** Hvað er ofurgróði og hver er ástæða þess að hann getur haldist til lengri tíma á markaði?
- 5** Hvaða munur er á mörkuðum þar sem framleiðslubættirnir eru hreyfanlegir og þeim mörkuðum þar sem þeir eru það ekki?
- 6** Hver eru helstu einkenni fullkominnar samkeppni? Teiknaðu upp súlikar markaðsaðstæður og útskýrðu þær.
- 7** Hver eru helstu einkenni einokunar? Teiknaðu upp súlikar markaðsaðstæður og útskýrðu þær.
- 8** Hver eru helstu einkenni ófullkominnar samkeppni? Teiknaðu upp súlikar markaðsaðstæður-og-útskýrðu þær.
- 9** Hver eru helstu einkenni fákeppnimarkaða? Teiknaðu upp súlikar markaðsaðstæður og útskýrðu þær.

# Helstu verkefni opinberra aðila í blönduðu hagkerfi

11

Mikil umræða hefur skapast undanfarna áratugi um eðilega verkaskiptingu milli opinberra aðila og einkaaðila. Margar ástæður eru fyrir því að þjóðir hafi látið mörg og ólök verkefni í hendur opinberra aðila. Stundum er það af sögulegum ástæðum. Hjólmög fyrirtæki og heilu atvinnugreinarnar voru þjóðnýttar í Bretlandi eftir seinni heimsstyrjöldina. Ástæðan var sú að enginn einkaaðili hafði fjárhagslegt bolmagi til að reiða fram allt það fó sem nauðsynlegt var til að endurreisa fyrirtækin sem flest voru í mikilli niðurnáðslu.

Markaðurinn hentar ekki alltaf vel til að sjá okkur fyrir þjónustu. Þetta kemur einna skýrast fram þar sem ekkert verð er á markaðnum eða þar sem auðlindirnar eru í samfélagslegri eign. Við skulum líta á helstu verkefni ríkis og sveitarfélaga í blönduðum hagkerfum og helstu ástæður þess að þau eru ekki í höndum markaðarins og einkaaðila.

**1. Opinberir aðilar mynda lagaramma utan um efnahagslífið**  
 Markaðurinn stjórnast af einkahagsmunum og hagnaðarvon og til þess að hin sterka hagnaðarvon eða löngun til að græða valdi ekki skáða þarf ríkisvaldið að setja lög um starfsemi fyrirtækja og einstaklinga á markaðnum. Í lögum er tekið fram hver eru réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda, hvað er leyfilegt og hvað ekki á fjármálamarkaði eða í rekstri fyrirtækja. Með lögum er ákvæðið hvernig starfseminni á markaðnum skuli háttá. Þar er til dæmis tekið fram hverjir megi stunda lækningsar, kennslu, akstur flutningabila o.s.frv. Fyrirtækjum er meinað